

Nd.

713. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

Frá öðrum minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir eigi orðið á eitt sátt um þetta mál. Meiri hl. (H. Stef., Hj. V., H. J.) vill samþ. frv. með nokkrum breytingum, en tveir nefndarmenn (S. E. og Ó. Th.) eru sammála um að vilja fella það, en munu hvor um sig gera grein fyrir sinu álit.

Skulu hjer tilfærð nokkur rök, er að því liggja, að jeg tel rjett að fella frv.

1.

Lögin um Landsbanka Íslands, er sett voru á Alþingi í fyrra, voru mjög vandlega undirbúin. Fyrir þingið 1924 var lagt frv. um þetta mál, er bankastjórn Landsbankans hafði samið. Síðan hefir málið verið borið fram á hverju þingi, og jafnan vel og vandlega rætt. Leitað hefir verið álits erlendra sjerfræðinga, þar á meðal bankastjóra allra þjóðbanka Norðurlanda, tvennar ríkisstjórnir hafa búið málið undir þing, en millipinganefnd verið skipuð í það, og loks hefir það verið rætt í blöðum og á mannfundum meir en títt er um stórmál þjóðarinnar.

Það verður yfirleitt að teljast mjög varhugavert að breyta löggjöf, er þannig hefir verið vandlega undirbúin, svo skömmu eftir að hún hefir verið sett og áður en hægt er að vitna til reynslunnar. Og að því er sjerstaklega snertir lögin um Landsbanka Íslands, verða menn ennfremur að hafa það hugfast, að með lögnum frá 1927 var bundinn endir á ýms deilumál, sem bankanum er óhagstætt að ófriður standi um, en deila sú mun jafnan kvikna að nýju, er breyta á þessari löggjöf. En jafnframt er hins að gæta, að órar og veigamiklar breytingar

á slíkri löggjöf draga mjög úr öryggi bankans og þar með úr trausti viðskifta-
vinanna, sem þó að allra dómi er frumskilyrði fyrir velgengni hans.

Greindar ástæður sýna, að að nauðsynjalausu á yfirleitt ekki að breyta
Landsbankalögunum. En auk þess eru þær breytingar, er í frv. felast, stórskað-
legar, svo eigi sje þyngra að kveðið.

2.

Fyrsta breytingin, sem farið er fram á að gera, er sú, að ríkið taki *fulla ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans*, í stað þess að nú tekur ríkið ábyrgð á
seðlabankanum með stofnfje því, sem það leggur honum, en frekar ekki, en á
skuldbindingum sparisjóðs ber seðlabankinn ábyrgð með upphæð, sem nemur
innskotsfje ríkissjóðs samkvæmt lögunum frá 1913, þar til varasjóður sparisjóðs-
deildar nær 10% af innstæðum í sparisjóði.

Auk þeirrar áhættu fyrir ríkissjóð, sem slík breyting á Landsbankalögun-
um hefir í för með sjer, er mjög sennilegt og jafnvel alveg víst, að af þessu
mundi það óhjákvæmilega leiða, að að Landsbankanum mundi streyma allveru-
legur hluti þess sparifjár landsmanna, er nú er ávaxtað í sparisjóðum um land
alt. Mundi það að sjálfsögðu lama starfsemi sparisjóðanna, en vera Landsbank-
anum sem seðlabanka til lítils gagns, og jafnvel ógagns.

3.

Samkvæmt frv., eins og það var borið fram að tilhlutun ríkisstjórnar-
innar, átti að *svifta bankann stofnsjóði* þeim, sem lögin frá 1927 mæla fyrir um.
Þessu hefir nú verið breytt þannig, að ríkisstjórninni er *heimilt* að leggja bank-
anum »viðbótarstofnfje«, alt að 3 miljónum króna, sem að visu er til bóta. En
þó er augljóst, að tvent er ólíkt fyrir bankann, að eiga skýlausa kröfu til stofn-
fjár samkvæmt lögunum frá 1927, eða að eiga slíkt undir geðþótta ríkisstjórn-
arinnar.

Nýlega er lokið mati á Landsbankanum, og fer niðurstaðan með leynd.
Ef skoðunin hefir sýnt, að innskotsfje ríkissjóðs er óskert, og *ef* ríkisstjórnin
notar að fullu heimildina til að greiða bankanum »viðbótarstofnfje«, verður stofn-
sjóður bankans sá, er lögin frá 1927 töldu hæfilegan. En öllum hlýtur að vera
ljóst, að ótækt er, að alt sje í óvissu um þetta, því á þessu veltur, hvort bankinn
er fær um að inna af hendi ætlunarverk sitt eða eigi — hvort löggjafanum hefir
tekist að leysa þetta mikla vandamál þjóðarinnar, eða hvort bankalöggjöfin er
aðeins til málamynda.

Í þessum efnun er ein og aðeins ein leið rjett, — sú, að leggja bankan-
um það fje, sem samkv. mati á bankanum nægir til, að stofnsjóður bankans verði
sá, er lögin frá 1927 gerðu ráð fyrir. Þegar bankinn þannig hefir verið eflur, er
frekari ábyrgð ríkissjóðs hvorki eðlileg nje nauðsynleg.

4.

Þá er farið fram á breytingar á stjórn bankans. Er þetta bersýnilega gert
í þeim einum tilgangi að tryggja ráðandi þingmeirihluta meiri hlutann í banka-
ráðinu. Með þessu er lagt inn á braut, sem mjög er varhugaveið, og verði þessu

fordæmi fylgt, er ekki annað sýnna en verið sje að reyna að gera seðlabanka ríkisins að leiksoppi í höndum stjórnámálmannanna, en allir viðurkenna, að sjálfum bankanum og peningamálum landsins yfirleitt stafar hinn mesti voði af slíku.

Að öðru leyti má fullyrða, að breytingar þær, er frv. gerir ráð fyrir á stjórn bankans, eru ýmist þýðingarlitlar eða til hins verra.

Reynt hefir verið að ná samkomulagi við meiri hluta fjárhagsnefndar og jafnframt leitað hófanna við ráðandi menn í stjórnarflokknum um þessar þrjár breytingar á frv.:

1. að ábyrgðarákvæðin gildi aðeins seðlabankann,
2. að breytingar á bankaráðinu komi ekki til framkvæmda fyr en að loknu kjörtímabili núverandi bankaráðs, og
3. að ríkisstjórninni sje eigi aðeins heimilt, heldur og skylt að leggja bankanum »viðbótarfjá» samkv. 2. gr.

Umleitunum þessum hefir verið tekið mjög fjarri, og þykir því þýðingarlaust að bera fram brtt. um þetta, með því vonlaust er, að þær nái samþykki.

Margir ágallar eru á frv., er leiðrjetta þarf vegna samræmis, en um það sjer væntanlega meiri hluti nefndarinnar, sem vill láta samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 4. apríl 1928.

Ólafur Thors.